



Starfslýsing og upplýsingar tengt foreldraráðum 3. - 8. flokka í handknattleiksdeild ÍR.



Val í foreldraráð.

Í upphafi æfingatímabils skulu fjórir eða fleiri foreldrar skipa foreldraráð sem verður tengiliður milli iðkenda, foreldra, þjálfara og barna- og unglingaráðs (BOGUR). Val í foreldraráð fer gjarnan fram í upphafi tímabilsins á fundi með þjálfurum viðkomandi flokks og barna- og unglingaráði. Áriðandi að foreldrar frá báðum árgöngum iðkenda 5.fl., 6.fl., 7.fl. og 8.fl. séu í foreldraráði. Foreldraráð skal velja talsmann og ritara/vefstjóra.

Þjálfarar og foreldraráð.

Foreldraráð er í nánú samstarfi við þjálfara vegna alls sem tengist leikjum og mótum t.d. ferðum, gistingu, fæði og aðstoða þjálfara á leikjum og mótum. Foreldraráð skipuleggur fundi með þjálfurum og foreldrum eftir þörfum. Aðstoðar eftir því sem við á með tilkynningar og fréttir á bloggsíðu flokksins eða í netpósti. (irhandboltin.blogspot.com)

Iðkendur, foreldrar og foreldraráð.

Foreldraráð heldur utan um fjármál flokksins. Upplýsir og virkjar aðra foreldra vegna fjáraflana og starfsemi tengt flokknum hverju sinni. Iðkendur og foreldrar geta komið með ábendingar hverskonar til foreldraráðs sem kemur þeim áfram eftir því sem við á.

Barna- og unglingaráð ÍR og foreldraráð.

Æskilegt er að foreldraráð fundi einu sinni eða oftari yfir æfingatímabilið með fulltrúum barna- og unglingaráðs ([BOGUR](#)). Foreldraráð geta beint fyrirspurnum, ábendingum og kvörtunum sem tengjast þjálfurum, æfingum og mótum til [tengiliða BOGUR](#) við flokkinn. Upplýsingar um flest allt sem tengist handboltanu >>[HÉR](#)<<.

Foreldraráð:

- Heyrir undir barna- og unglingaráð (BOGUR).
- Heldur utan um fjármál flokksins.
- Heldur utan um og skipuleggur fjáraflanir.
- Skipuleggur ferðir, gistingu og annað tengt keppnisferðum.
- Aðstoðar þjálfara á leikjum og mótum.
- Sér um upplýsingaflæði á milli foreldra, þjálfara og BOGUR. (Bloggsíður & netpóstur)
- Fundar með fulltrúum BOGUR eftir því sem við á.

Uppfært í september 2012.
Barna- og undlingaráð ([BOGUR](#))